

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi útivistarsvæðis í Hólsdal og Skarðsdal, Siglufirði, Fjallabyggð.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 13. mars 2013 breytingu á deiliskipulagi útivistarsvæðis í Hólsdal og Skarðsdal, Siglufirði.

Breytingin varðar eingöngu Hólsdalinn og felur í sér að staðsetningu bílastæða og byggingarreits klúbbhúss er breytt. Lóðin Grafargerði er felld út, stígakerfi er breytt og hefur skipulagsuppdrátturinn verið uppfærður í samræmi við nýjustu landupplýsingar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Fjallabyggð, 14. mars 2013.*

**Sigurður Valur Ásbjarnarson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. apríl 2013